# Fjárlagafrumvarpið 2025 á velferðarvaktinni

Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og efnahagsráðuneytið

# Heildstæð áætlanagerð og stefnumörkun í opinberum fjármálum skv. LOF

**Fjármálastefna**
5 ár

- Meginmarkmiðasetning stjórnvalda um opinber fjármál, þ.m.t. fyrir ríkissjóð
- Afkomu- og skuldamarkmið til 5 ára
- Tvenns konar fjármálareglur : Grunngildi og tölusettir mælikvarðar um afkomu og skuldastöðu

**Fjármálaáætlun**
5 ár

- Nánari útfærsla á markmiðum fjármálastefnunnar
- Nánari stefnumörkun um þróun tekna, gjalda og efnahags (þ.m.t. ráðstafanir)
- Stefnumótun og áætlanagerð – forgangsröðun útgjalda og útgjaldarammar fyrir málefnasvið ákveðnir

**Fjárlög**
1 ár

- Nánari útfærsla á markmiðum fjármálaáætlunar fyrir komandi fjárlagaár
- Útgjöld eftir málefnasviðum og málaflokkum auk sundurliðunar í fjárveitingar til stofnana í fylgiriti
- Útfærsla á aðgerðum fyrir komandi fjárlagaár

# Fjármunir til ráðstöfunar og stýring

**Skipulag** fjárlagagerðar miðar að því að **festa í sessi verklag rammafjárlaga** samkvæmt lögum um opinber fjármál. Höfuðinntakið í þeirri vinnutilhögun er að allt fjárlagaferlið taki mið af þeim **takmörkuðu fjármunum** sem eru til ráðstöfunar hverju sinni.

Skipulaginu er ætlað að stuðla að því að allir aðilar sem koma að fjárlagagerðinni **axli þá ábyrgð að velja á milli verkefna og forgangsraða þeim**. Slík stýring á ríkisfjármálunum fer fram með tilstyrk útgjaldaramma málefnasviða sem fram koma í fimm ára fjármálaáætlun, er miðast við að ríkisstjórnin marki ríkisfjármálastefnuna en ráðuneytin forgangsraði verkefnum innan rammanna í fjárlagafrumvarpi komandi árs.

# Þróun heildargjalda og frumgjalda ríkissjóðs 2017-2025

**Heildarútgjöld ríkissjóðs hafa aukist að meðaltali um 2,9% á ári frá 2017**

ma.kr. á verðlagi ársins 2025 m.v. VNV




**Frumgjöld ríkissjóðs hafa aukist að meðaltali um 3,4% á ári frá 2017**

ma.kr. á verðlagi ársins 2025 m.v. VNV




Gögn: ríkisreikningur 2017-2023, fjárlög og Fauk I-V 2024 og fjárlög 2025, fjármálaáætlun 2025-2029. Leiðrétt fyrir markaðsleigu.

# Skipting rammasettra útgjalda eftir málefnasviðum



# Stærstum hluta útgjalda ríkissjóðs er varið í félags-, heilbrigðis- og menntamál á árinu 2025







Gögn: Fjárlög 2025, fjármálaáætlun 2026-2029. Leiðrétt fyrir markaðsleigu

# Hóflegur raunvöxtur útgjalda ríkissjóð

Í **fjárlagafrumvarpi 2025** er haldið aftur af útgjaldavexti þannig að útgjöld lækki sem hlutfall af VLF til að tryggja bætta afkomu ríkissjóðs

**Áhersluatriði** í fjárlagafrumvarpi 2025 eru byggð á **stefnumörkun FÁ**

### Dregið úr ríkisumsvifum en velferðin varin

Útgjöld lækka sem hlutfall af VLF en viðkvæmir hópar varðir.

### Forgangsröðun brýnna verkefna

Svigrúm skapað fyrir brýn verkefni innan útgjaldaramma.

### Sértækar aðgerðir í stað almennra

Hægt á útgjaldavexti með betri nýtingu fjármuna.

# Stuðningur við kjarasamninga fyrir ungt fólk sem hátt vaxtastig bitnar einkum á

**Hækkun barnabóta**

5 ma.kr.

**Gjaldfrjálsar skólamáltíðir**

3,8 ma.kr.

**Hækkun hámarksgreiðslna í fæðingarorlofi**

2,5 ma.kr.

**Hækkun húsnæðisbóta**

2,5 ma.kr.

**14 ma.kr. á árinu 2025**

**Sérstakur vaxtastuðningur**

(Greitt á árinu 2024)

5,5 ma.kr.

# Ný og aukin verkefni

Nokkur dæmi um aukin framlög til verkefna og þjónustu:

- 4,4 ma.kr. vegna breytinga á örorkulífeyriskerfinu
- 2,7 ma.kr til hækkunar almenns frítekjumarks ellilífeyris
- 1,6 ma.kr. til inngildingar og málefna útlendinga

# Áhersla lögð á húsnæðisstuðning

## Stofnframlög til uppbyggingar almenna íbúðakerfisins áfram há




Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

**Annar húsnæðisstuðningur 2025:**

- Hlutdeildarlán: 4 ma.kr. lánaheimild
- Húsnæðisbætur: 11,6 ma.kr. fjárveiting
- Vaxtabætur: 2,1 ma.kr. fjárveiting

**Skattstyrkir á tekjuhlið:**

- Skattfrjáls ráðstöfun (Fyrsta eign): 2,6 ma.kr.
- Afsláttur á fjármagnstekjuskatt vegna leigutekna: 4 ma.kr.
- 50% afsláttur á stimpilgjaldi vegna fyrstu kaupa: 0,6 ma.kr.
- Endurgreiðslur VSK til byggjenda íbúðarhúsnæðis: 10,5 ma.kr.

Gögn: ríkisreikningur 2019-2023, fjárlög 2024, frumvarp til fjárlaga 2025

# Útgjöld til heilbrigðismála

**Raunaukning útgjalda nemur 35% frá 2017 til 2025 sem gerir 3,8 % að meðaltali á tímabilinu**
Mikil aukning varð á tímabundnum framlögum í Covid




Gögn: ríkisreikningur 2017-2023, fjárlög og Fauk I-V 2024 og fjárlög 2025, fjármálaáætlun 2026-2029. Leiðrétt fyrir markaðsleigu.
Málefnasvið 23-26 og málaflokkar 32.1 og 32.3

# Fæðingarorlof – útgjöld aukist um 65% frá 2017

Hækkun hámarksgreiðslna í 900 þús.kr. árið 2026. Gert ráð fyrir að útgjöld aukist um **10,2 ma.kr.** að raunvirði frá 2017 til 2024




Gögn: ríkisreikningur 2017-2023, fjárlög og fauk I-V 2024 og fjárlög 2025, fjármálaáætlun 2026-2029. Leiðrétt fyrir markaðsleigu

# Örorka og málefni fatlaðs fólks

Útgjöld hafa aukist að raunvirði um **54.463 ma.kr.** frá 2017 til 2025 eða um 107%.




Gögn: ríkisreikningur 2017-2023, fjárlög og fauk I-V 2024 og fjárlög 2025, fjármálaáætlun 2026-2029. Leiðrétt fyrir markaðsleigu

# Breytingar á örorkulífeyriskerfinu

## 19 ma.kr. aukning á ársgrundvelli, þar af 4,4 ma.kr. árið 2025

Ný lög um breytingar á örorkulífeyris-kerfinu **taka gildi 1. september 2025**

| | Í ramma | 2025-2029 |
|---|---|---|
| Einföldun greiðslukerfis | 1.070 | 15.400 |
| Hlutaörorkulífeyrir | | 1.200 |
| Útvíkkun endurhæfingargreiðslna, sjúkragreiðslur | | 1.200 |
| Samanburðargreiðslur | | 1.100 |
| Vinnumarkaðsaðgerðir | 583 | 300 |
| Undirbúningur og innleiðing | 270 | -140 |
| **Samtals** | **1.923** | **19.060** |

Gögn: fjárlög 2024 og 2025.

# Kostnaður við nýtt örorkulífeyriskerfi 19 ma.kr. á ársgrundvelli

## Tekjur örorkulífeyrisþega hækka verulega með nýju kerfi sem tekur gildi í september 2025

**Með öðrum tekjum s.s. lífeyrissjóðstekjum eða atvinnutekjum verður stór hluti örorkulífeyrisþega með heildartekjur yfir 450 þús.kr. á mánuði þegar nýtt örorkukerfi hefur tekið gildi.**




Gögn: fjárlög og fauk I-V 2024 og fjárlög 2025. Leiðrétt fyrir markaðsleigu

# Barnabætur

Áætlaðar greiðslur vegna barnabóta eru að raunvirði nær þær sömu í ár og 2009 – en ná til færri barna sem fá hærri barnabætur. **Bæturnar nýtast því betur tekjulægri fjölskyldum.**




Gögn: ríkisreikningur 2017-2023, fjárlög og fauk I-V 2024 og fjárlög 2025, fjármálaáætlun 2026-2029. Leiðrétt fyrir markaðsleigu

# Húsnæðisbætur

Útgjöld vegna húsnæðisbóta jukust um meira en **834 m.kr.** milli 2017 og 2020 eða um **13,5%** að raunvirði. **21.099** heimili hafa fengið greiddar húsnæðisbætur það sem af er ári. Það er **1,4%** fækkun frá fyrra ári.




Gögn: HMS, ríkisreikningur 2017-2023, fjárlög og fauk I-V 2024 og fjárlög 2025, fjármálaáætlun 2026-2029. Leiðrétt fyrir markaðsleigu

# Vaxtabætur

## Gert er ráð fyrir að fyrirkomulag vaxtabóta verði endurskoðað á árinu 2026

**272% hækkun vaxtabóta milli 2023 og 2024**

ma.kr. á verðlagi 2025 m.v. VNV




Gögn: ríkisreikningur 2017-2023, fjárlög og fauk I-V 2024 og fjárlög 2025, fjármálaáætlun 2026-2029. Leiðrétt fyrir markaðsleigu

# Fjárlög 2025

**1,545,640**

Útgjöld í m.kr.

Heildaryfirlit | Samanburður | Sundurliðun | Þróun útgjalda | Hagræn skipting | Yfirlitstafla

2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027

Almanna- og réttaröryggi | Heilbrigðismál | Nýsköpun, rannsóknir og þekkingar | Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla | Vaxtagjöld | Rekstur

Félags-, húsnæðis- og tryggingamál | Mennta- og menningarmál | Samgöngu- og fjarskiptamál | Umhverfismál | Ýmis málefnasvið | Fjárfestingar

## Útgjöld hvers árs




## Hlutfallsleg breyting frá fyrra ári




## Breyting frá fyrra ári eftir málefnasviði



# Fjárlög 2025

358,254

Útgjöld í m.kr.

Heildaryfirlit | Samanburður | Sundurliðun | Þróun útgjalda | Hagræn skipting | Yfirlitstafla

2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027

Almanna- og réttaröryggi | Heilbrigðismál | Nýsköpun, rannsóknir og þekkingarg | Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla | Vaxtagjöld | Rekstur

Félags-, húsnæðis- og tryggingamál | Mennta- og menningarmál | Samgöngu- og fjarskiptamál | Umhverfismál | Ýmis málefnasvið | Fjárfestingar

## Útgjöld hvers árs




## Hlutfallsleg breyting frá fyrra ári




## Breyting frá fyrra ári eftir málefnasviði



# Fjárlög 2025

**1,545,640**

Útgjöld í m.kr.

Heildaryfirlit | Samanburður | **Sundurliðun** | Þróun útgjalda | Hagræn skipting | Yfirlitstafla

**Fjárlög** | Frumvarp | 2023 | 2024 | **2025** | 2026 | 2027

Almanna- og réttaröryggi | Heilbrigðismál | Nýsköpun, rannsóknir og þekkingar | Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla | Vaxtagjöld | Fjárfestingar

**Félags-, húsnæðis- og tryggingamál** | Mennta- og menningarmál | Samgöngu- og fjarskiptamál | Umhverfismál | Ýmis málefnasvið | Rekstur

## Málefnasvið




## Málaflokkar




## Fjárlagaliðir



## Takk fyrir